

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um ráðstafanir gegn fjárkláðanum.* — Með þóknanlegu brjefi frá í gær hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer eríndi það með fylgiskjólum frá hinum setta lögreglustjóra í fjárkláðamálinu, er hjer með endursendist, og þar sem hann skýrir frá ráðstöfunum þeim, er hann hefir gjört til að framkvæma hið almenna fjárbað á hinu kláðagrunaða svæði, er fyrirskipað var með auglýsingu landshöfðingja frá 30. nóvbr. f. á.

15
10. marz.

Af skýrslu þessari sjest, að hið fyrirskipaða bað hefir verið framkvæmt á öllu fje í Kjósarhreppi og í þeim sveitum í Árnessýslu, sem eru á hinu kláðagrunaða svæði, en í hinum hreppunum á svæðinu hefir að eins verið baðað á einstökum bæjum. Þar eptir hefir komið fram kláðavottur á 3 bæjum í sveitum þeim, sem baðað hafa, og við skoðanir þær af utanhreppsmönnum, er hinn setti lögreglustjóri hefir látið fram fara í 5 hreppum í Borgarfjarðarsýslu og í sveitum þeim í Kjósar- og Gullbringusýslu, er ekki hafa baðað, hefir alstaðar fundizt meira og minna af færilús og fellilús í fjenu, en þar að auki hefir kláðavottur komið fram á allmörgum bæjum. Hvergi hefir, þar sem kláðavottur hefir fundizt, verið unnt að sanna, að kláðamaur sá, sem álitast má, að sje sjerstaklega hættulegur, væri í fjenu; og hafa þeir 2 utanhreppsmenn úr Mýrasýslu, er lögreglustjóri hafði sjer til aðstoðar í 3 efstu hreppum Borgarfjarðarsýslu, lýst yfir því, að hið skoðaða fje væri almennt í betri þrifum, en að öllum jafnaði gjörist í Mýrasýslu, og að þeir því álitu, að kláðavottur sá eða hin ískyggilegu óþrif, er komið hefðu fyrir, væru ósaknæm, og hefðu góða von um, að reynslan mundi staðfesta þetta álit sitt. Aftur á móti virðast skoðunarmenn í hinum sveitunum hafa verið lögreglustjóra samdóma um, að kláðavotturinn gæfi ástæðu til grunsemdar um, að maur væri í fjenu, þó kláðinn hefði ekki enn fengið að magnast svo, að hægt væri að sanna það, og hefir einn skoðunarmaður úr Kjósinni lýst yfir því, að nokkrar af kindum þeim, sem komu fyrir með kláðavotti við skoðun í 2 syðstu hreppum í Borgarfjarðarsýslu, hefðu verið talðar með vafalausum kláða, ef þær hefðu komið fyrir í Kjósinni eða annarstaðar, þar sem menn leggja stund á að þrifa fje sitt. Á 3 af bæjum þeim í Seltjarnarness- og Álptaneshreppum, þar sem kláðavottur fannst, hafa fjáreigendur, að ótilkvöddum lögreglustjóra eða skoðunarmönnum þeim, er með honum fundu kláðavott í fje þeirra, fengið kennara við lækna skólann til að skoða stöku kindur, og hefir við þessa skoðun fundizt fellilús á kindunum, en enginn kláðamaur. Í þeim sveitum, sem baðað var í í haust, hafa hlutaðeigandi hreppstjórar sjálfir framkvæmt hin fyrirskipuðu aukaböð. Þar sem kláðavottur hefir fundizt í hinum sveitunum, hefir lögreglustjóri gjört ráðstöfun til að framkvæma böðin, en með misjöfnum árangri.

Það leiðir af því, sem nú hefir sagt verið, að ástandið í þeim sveitum suðurumdæmisins, þar sem fyrirskipanir landshöfðingja í auglýsingu frá 30. nóvbr. f. á. hafa verið framkvæmdar, er þannig, að ekki er ástæða til að kvíða fyrir, að kláðasýkin leynist eptir þar; en þar á móti er ástandið í hinum hreppunum ekki eins tryggilegt, því ágreiningur sá, er komið hefir fram við skoðanirnar um það, hvort kláði sá, sem vottað hefir fyrir, sje «saknæmur» eða «að eins óþrifakláði», og örðugleikar þeir, er leitt hefir af þessum ágreiningi, með tilliti til framkvæmda á hinum nauðsynlegu lækningaböðum, hljóta, hvernig sem á málið er litið, að gjöra sveitir þessar grunsamar. Jeg verð því að álíta það mjög illa farið, að það hefir ekki tekizt alstaðar að framkvæma fyrirskipanirnar frá 30. nóvbr. f. á., þrátt fyrir ráðstafanir þær, sem í þessu tilliti hafa verið gjörðar af amtinu og hinum setta lögreglustjóra, því ástæða er til að ætla, að ef baðað hefði

15 10. marz. verið í þessum sveitum þegar í haust, hefði ekki fremur í þeim en í hinum sveitunum ágreiningur getað orðið um það, hvar kláði væri og hvar ekki.

Með tilliti til kostnaðar þess, er mundi leiða af því, að framkvæma nú almennt það í sveitum þeim, er ekki böðuðu í haust, hefir samt lögreglustjóri lagt það til, að baði þessu verði frestað, þangað til fjeð er komið úr ullu, og að hreppar þeir, sem þrjókast hafa, verði látnir nú þegar bera í allt fje, þó það sje álitid heilbrigt, og halda uppi hálfsmánaðarskoðunum og heimagæzlu á fjenu þangað til 6 vikur eru liðnar frá baðinu í vor, þannig, að lögreglustjóri með utanhreppsmönnum á hentugum tímum sjái um, að þetta verði alstaðar framkvæmt, og þannig, að lagt verði fyrir hreppsnefndirnar, að útvega nægileg meðöl til íburðarins og að sjá með hreppstjórum um, að íburðurinn fari alstaðar fram á sem tryggilegastan hátt. Herra amtmaðurinn hefir í nefndu brjefi mælt fram með, að þessar tillögur verði samþykktar fyrir allt kláðasvæðið, að svo miklu leyti, sem þær snerta frest á hinu almenna baði og skoðanir með mátulegu millibili, og hafið þjer í brjefi frá 19. f. m. stungið upp á hinu sama fyrir Borgarfjarðarsýslu.

Fyrir þessa sök, og með því að jeg, eins og nú var getið, verð að álita sveitir þær á viðkomandi svæði, þar sem skipanirnar frá 30. nóvbr. f. á. hafa ekki verið framkvæmdar, grunaðar, en hins vegar árstími sá, er fer í hönd, er miður hentugur til að framkvæma almenn böð, og þessi framkvæmd þar að auki er bundin miklum örðugleikum og kostnaði, meðan vertíðin stendur yfir, skal hjer með samþykkt, að hinum almennu fjárböðum, sem skipuð voru í auglýsingu minni frá 30. nóvbr. f. á., verði í öllum þeim sveitum, þar sem ekki er þegar búið að baða, frestað þangað til fjeð er komið úr ullu í vor, með þessum nákvæmari skilyrðum:

1. Í þeim sveitum, þar sem ekki hefir verið almennt baðað í haust, skal halda áfram hálfsmánaðarskoðunum og nákvæmu fjártali á öllu fje þangað til 6 vikur eru liðnar frá vorbaðinu. Komi kláðavottur upp, ber undir eins að bera dyggilega í hinar grunuðu kindur og þar eptir tafarlaust tvíbaða allt fje á viðkomandi bæ og þeim bæjum, er samgöngur hafa átt við hann.
2. Hreppsnefndirnar skulu með skoðunarmönnum, hreppstjórum og lögreglustjóra styðja að því að útvega hin nauðsynlegu baðmeðöl og að framkvæma hið almenna bað í vor og þau aukaböð, sem þörf þykir á.
3. Í þeim sveitum, sem ekki böðuðu í haust, ber að halda fjenu í sterkri heimagæzlu, þangað til 6 vikur eru liðnar frá baðinu í vor, eða þangað til að fjeð hefir verið skoðað af utanhreppsmönnum og fundið heilbrigt eptir baðið, og ber að sjá um, að þessar skoðanir verði framkvæmdar innan 6 vikna eptir baðið.
4. Hinum setta lögreglustjóra ber á sem hentugastan og mest tryggjandi hátt að sjá um, að þessar skipanir verði framkvæmdar; sjer í lagi skal hann í tíma gjöra nauðsynlega ráðstöfun til, að smalað verði og baðað með utanhreppsmönnum alstaðar þar, sem innanhreppsmenn baða ekki sjálfir geldfje sitt um fardaga, og ær um fráferur, eða þar sem þeir þrjókast við að baða hin fyrirskipuðu 2 aukaböð á bæjum, þar sem kláðavottur finnst, og skal hann í tíma ráða nægilega marga menn til slíkra framkvæmda, og útvega sjer baðmeðöl og hin nauðsynlegu áhöld, allt á kostnað hlutaðeigandi fjáreiganda, samkvæmt 7. gr. í tilsk. 5. jan. 1866.

16 12. marz. sönglög. — Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um styrk til að prenta — Með þóknanlegu brjefi frá 20. f. m. hafa stiptsyfirvöldin sent mjer